

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2016/2120****2017/EES/31/09****frá 2. desember 2016****um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1033/2006 að því er varðar ákvæði sem um getur í 1. mgr. 3. gr. (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 552/2004 frá 10. mars 2004 um rekstrarsamhæfi evrópska netsins fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar (rekstrarsamhæfisreglugerðin) ⁽¹⁾, einkum 5. mgr. 3. gr.,

að höfðu samráði við nefndina um samevrópskt loftrými

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í 16. lið 2. mgr. 2. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1033/2006 ⁽²⁾ er vísað til skilgreininganna, sem mælt er fyrir um í 1. bindi Verklagsreglna Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO) fyrir flugleiðsöguþjónustu — Starfræksla loftfara (PANS-OPS, skjal nr. 8168), nánar tiltekið fjórðu útgáfu frá 1993 með breytingu nr. 13. Síðan reglugerð (EB) nr. 1033/2006 var samþykkt hefur Alþjóðaflugmálastofnunin breytt skjalinu og samþykkt fimmtu útgáfu þess frá 2006 með breytingu nr. 6.
- 2) Í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1033/2006 er vísað til ákvæðanna sem mælt er fyrir um í 2. viðauka Alþjóðaflugmálastofnunarinnar — Flugreglur, nánar tiltekið 10. útgáfu frá júlí 2005, ásamt öllum breytingum til og með nr. 42. Síðan framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 428/2013 ⁽³⁾ var samþykkt hafa sameiginlegu flugreglurnar, sem samþykktar voru með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 923/2012 ⁽⁴⁾, komið til framkvæmda og nýlega verið uppfærðar með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1185 ⁽⁵⁾. Í þessum sameiginlegu flugreglum er fjallað um, einkum í 4. þætti viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 923/2012, ákvæðin sem tengjast flugáætlunum og koma því í stað fyrri tilvísana til 2. viðauka Alþjóðaflugmálastofnunarinnar.
- 3) Í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1033/2006 er vísað til ákvæðanna, sem mælt er fyrir um í Verklagsreglum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar fyrir flugleiðsöguþjónustu — Rekstrarstjórnun flugumferðar (PANS-ATM, skjal nr. 4444), nánar tiltekið í 15. útgáfu frá 2007 með breytingu nr. 4. Síðan framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 428/2013 var samþykkt hefur Alþjóðaflugmálastofnunin breytt því skjali, nú síðast með breytingu nr. 6. Í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1033/2006 er einnig vísað til ákvæðanna, sem mælt er fyrir um í Svæðisbundnum viðbótarverklagsreglum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (skjal nr. 7030), nánar tiltekið í 5. útgáfu frá 2008 með breytingu nr. 7. Síðan framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 428/2013 var samþykkt hefur Alþjóðaflugmálastofnunin breytt því skjali, nú síðast með breytingu nr. 9.
- 4) Því ætti að uppfæra tilvísanir til 2. viðauka Alþjóðaflugmálastofnunarinnar og til skjals nr. 8168, skjals nr. 4444 og skjals nr. 7030 í reglugerð (EB) nr. 1033/2006 til að gera aðildarríkjunum kleift að uppfylla alþjóðlegar, lagalegar skuldbindingar sínar og tryggja samræmi við alþjóðlegan regluramma Alþjóðaflugmálastofnunarinnar.
- 5) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 1033/2006 til samræmis við það.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 329, 3.12.2016, bls. 70. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 64/2017 frá 17. mars 2017 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, biður birtingar.

(1) Stjtið. ESB L 96, 31.3.2004, bls. 26.

(2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1033/2006 frá 4. júlí 2006 um kröfur er varða verklagsreglur um flugáætlanir á undirbúningsstigi flugs innan samevrópska loftrýmisins (Stjtið. ESB L 186, 7.7.2006, bls. 46).

(3) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 428/2013 frá 8. maí 2013 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1033/2006 að því er varðar ákvæði Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, sem um getur í 1. mgr. 3. gr., og um niðurfellingu á reglugerð (ESB) nr. 929/2010 (Stjtið. ESB L 127, 9.5.2013, bls. 23).

(4) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 923/2012 frá 26. september 2012 um sameiginlegar flugreglur og rekstrarákvæði varðandi þjónustu og verklagsreglur fyrir flugleiðsögu og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1035/2011 og reglugerðum (EB) nr. 1265/2007, (EB) nr. 1794/2006, (EB) nr. 730/2006, (EB) nr. 1033/2006 og (ESB) nr. 255/2010 (Stjtið. ESB L 281, 13.10.2012, bls. 1).

(5) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1185 frá 20. júlí 2016 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 923/2012 að því er varðar uppfærslu og fullvinnslu sameiginlegra flugregla og rekstrarákvæða varðandi þjónustu og verklagsreglur fyrir flugleiðsögu (SERA C-hluti) og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 730/2006 (Stjtið. ESB L 196, 21.7.2016, bls. 3).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EB) nr. 1033/2006 er breytt sem hér segir:

1) Í stað 16. liðar 2. mgr. 2. gr. komi eftirfarandi:

„16. „verklagsreglur fyrir aðflugssvæði“: staðlaðar blindbrottflygs- og aðflugsleiðir, eins og skilgreint er í Verklagsreglum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar fyrir flugleiðsögupjónustu — Starfræksla loftfara (PANS-OPS, skjal nr. 8168 — 1. bindi — 5. útg. — 2006, ásamt öllum breytingum til og með nr. 6).“

2) Í stað viðaukans komi textinn í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 2. desember 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

„VIÐAUKI

Ákvæðin sem um getur í 1. mgr. 3. gr.

1. Fjórði þáttur viðauka við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 923/2012 ⁽¹⁾.
2. Liður 4.4. í 4. kafla (Flugáætlanir) og liður 11.4.2.2 í 11. kafla (Skeyti um framvindu flugs) úr PANS-ATM skjali Alþjóðaflugmálastofnunarinnar nr. 4444 (15. útg., 2007, ásamt öllum breytingum til og með nr. 6).
3. Ákvæði 2. kafla (Flugáætlanir) og liður 6.12.3 í 6. kafla (Áætlaður tími við svæðamörk) úr Svæðisbundnum viðbótarverklausreglum, skjali nr. 7030, Svæðisbundnum viðbótarverklausreglum fyrir Evrópu (5. útgáfa frá 2008, ásamt öllum breytingum til og með nr. 9).

(¹) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 923/2012 frá 26. september 2012 um sameiginlegar flugreglur og rekstrarákvæði varðandi þjónustu og verklausreglur fyrir flugleiðsögu og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1035/2011 og reglugerðum (EB) nr. 1265/2007, (EB) nr. 1794/2006, (EB) nr. 730/2006, (EB) nr. 1033/2006 og (ESB) nr. 255/2010 (Stjóð. ESB L 281, 13.10.2012, bls. 1).“